

2014-2015

# Ársskýrsla – Innra mat



Heilsuleikskólinn Krókur

Hulda Jóhannsdóttir leikskólustjóri

# Efnisyfirlit

Efnisyfirlit .....	1
Inngangur .....	2
Leikskólinn í tölum .....	3
Nemendur .....	3
Starfsmenn .....	3
Samsetning starfsmannahópsins .....	3
Skólafarfið .....	4
Framkvæmd starfsáætlunar .....	4
Fjölskyldan og leikskólinn .....	5
Samstarf við grunnskólann .....	5
Nýbreytni og þróunarstarf .....	5
Kynning á skólanum .....	5
Starfsþróun .....	6
Símenntunaráætlun – framgangur .....	6
Námskeið og ráðstefnur utan símenntunaráætlunar .....	7
Innra mat .....	9
Markmið og tilgangur .....	9
Stefnukort .....	10
Endurmat á verkefnaáætlun 2014-2015 .....	10
Niðurstöður innra mats 2014 – 2015 .....	16
Ytra mat .....	18
Heimildaskrá .....	19

## Inngangur

Í ársskýrslu er skólastarfi liðins skólaárs gert skil með margvíslegum hætti þar sem stuðst er við niðurstöður úr innra mati. Tölulegar upplýsingar miðast við maí 2015.

Þegar litið er yfir farinn veg er nauðsynlegt að hafa ákveðna stefnu til að fara eftir til að meta árangur, hvað hefur tekist vel og hvað má betur fara. Til að meta árangur hefur skólinn þróað Stefnumiðað árangursmat (Balanced Scorecard) þar sem stefna skólans er mörkuð með Stefnumiðað (e. strategy map) sem fylgt er eftir með Verkefnaáætlun (skorkorti, e. Scorecard). Í stefnumiðað eru settir fram fjórir þættir þar sem fram kemur stefna skólans í skólasamfélaginu, fjármálum, starfsháttum og mannauði. Út frá stefnumiðað eru sett fram nýbreytni- og þróunarverkefni, sem tengjast hverjum þætti og þau síðan endurmetin eftir skólaárið (sjá í kaflanum Innra mat). Ásamt því eru framkvæmdar ýmsar kannanir þar sem börn, starfsfólk og foreldrar taka þátt. Markmiðið er að auka gæði náms, stuðla að umbótum og tryggja að unnið sé eftir þeim viðmiðum sem skólinn hefur sett sér.

Viðfangsefni innra mats síðasta skólaárs lúta að líðan og viðhorfum barna þar sem þau fengu sjálf að tjá sig með myndrænum hætti. Kennarar og starfsfólk lögðu mat á samskipti, skipulag, eigin líðan, starfshætti skólans o.fl. með fjölbreyttum hætti. Í síðari hluta ársskýrslunnar má sjá niðurstöður úr innra mati ásamt umbótaáætlun.

Leiðarljós okkar er að byggja upp lærdómsríkt samfélag þar sem öllum líður vel og gleði ríkir. Þannig verðum við betur í stakk búin til að takast á við verkefni í dagsins önn og nýta okkur þá reynslu sem við öðlumst á uppbyggilegan hátt í nútíð og framtíð.



# Leikskólinn í tölum

## Nemendur

Skólinn var fullsetinn í uppafi skólaárs. Í maí voru hér 105 nemendur, þar af voru 20 börn af erlendum uppruna frá 6 þjóðlöndum. Barngildi voru um 123 og dvalargildi 988. Fjórar deildir voru með stuðning fyrir fjóra nemendur sem nutu sérkennslu samkvæmt skilgreiningum í 1.-2. flokk, samtals 27 klst. á dag sem 4 starfsmenn í 337,5% stöðu sinnu. 29 nemendur nutu stuðnings samkvæmt skilgreiningum í 3.-5. flokk, sem stuðningsfulltrúi í 62,5% stöðu sinni.

Í maí voru 105 nemendur við skólann, 52 stúlkur og 53 drengir, og er rúmur helmingur barna í árgangi á Króki í flestum tilfellum. Skipting eftir árgöngum má sjá hér:

Fæðingarár	Fjöldi á Króki	Fjöldi í árgangi
2009	21	42
2010	24	43
2011	27	52
2012	25	53
2013	8	47
<b>Samtals 2015</b>	<b>105</b>	<b>237</b>

Flestir nemendur voru í 8 klst. við nám og leik í skólanum og stækkar sá hópur frá ári til árs. Dvalarstundum fjölgaði um 100 á milli ára. Sjá má skiptingu dvalarstunda hér:

Dvalarstundir	Fjöldi barna
7-8 klst	83
6 klst	15
5 klst	7
<b>Samtals 2015</b>	<b>105</b>

## Starfsmenn

Mikill stöðugleiki er í starfsmannahópnum og var eina hreyfingin kennarar sem fóru í og komu úr barneignarleyfi og voru 2 starfsmenn ráðnir tímabundið í þeirra stað. Í maí voru 28 starfsmenn á launaskrá í 22 stöðugildum og gengdu nokkrir fleiri en einni stöðu:

## Samsetning starfsmannahópsins

Starfssvið	Fjöldi	Starfshlutfall	Faglærðir	Hlutfall faglærðra
Stjórnun	2	1,4	1,4	100%
Uppeldi og menntun	18	14,8	7,9	54%
Sérkennsla	5	2,7	0,6	16%
Afleysing	3	2,2		
Eldhús	2	1,6		
Ræsting	1	0,5		
<b>Samtals</b>	<b>31</b>	<b>23,8</b>	<b>9,9</b>	<b>52%</b>

## Skólastarfið

Skólastarfið hefur gengið vel fyrir sig bæði hvað varðar að viðhalda stefnu skólans og jafnframt í að þróa og betrumbæta skólastarfið. Stöðugleiki var í starfsmannahópnum, starfsánægja mikil og góð viðvera eins og fram kemur í starfsmannakönnun Skólapúlsins. Við slíkar aðstæður verður til jákvæður skólabragur sem hefur áhrif á vellíðan bæði starfsmanna og nemenda. Jafnframt skapast svigrúm fyrir auka undirbúningstíma fyrir kennara sem voru vel nýttir fyrir starfsþróun sem og framþróun skólastarfsins.

Eins og endranær var unnið að fjölbreyttum þróunar- og nýbreytniverkefnum samkvæmt starfsáætlun og voru starfsdagar, fundir og undirbúningstímar nýttir vel fyrir slíka vinnu. 20 teymi, með þátttöku allra, störfuðu við skólann og var unnið að því að gera vinnuna markvissari og samhæfa framsetningu á markmiðum þeirra. Teymisvinnan er forsenda þess að viðhalda stefnu skólans og að framkvæma það metnaðarfulla starf sem unnið er í skólanum. Með þátttöku í teyimum tengist starfsfólk betur stefnu og starfsháttum skólans, betur gengur að þróa skólastarfið og halda utan um þau verkefni sem eru í gangi hverju sinni.

Lögð var lokahönd á 5. útgáfu námskrár skólans sem gefin var út í júní. Áhersla var lögð á að efla samskiptastefnu skólans m.a. með því að innleiða núvitund sem leið til að auka samhygð og efla andlega og líkamlega heilsu. Sá leiðangur endaði í umsókn í Sprotasjóð og var veittur styrkur upp á 1.9 milljónir króna til verkefnisins næsta skólaár. Útinámið var þróað áfram, unnið að verkefnum í leikskólalæsi og foreldrasamstarf aukið með foreldraráðgjöf. Jafnframt var verkefnið Viðvera og vellíðan sett á laggirnar til að móta viðverustefnu með það að markmiði að bæta hag og lífsgæði starfsfólks með góðu vinnuumhverfi og stuðla þannig að vellíðan og góðri viðveru á vinnustað.

Óhætt er að segja að við séum orðin fjölmenningarlegri eftir mikla fjölgun barna af erlendum uppruna, sem kallaði á verkefni tengd því að koma sem best til móts við bæði börnin og foreldra þeirra. Fjölmenningarteymið skipulagði m.a. verkefni tengt þjóðhátíðardögum barnanna með fræðslu um menningu þeirra og siði, og foreldrar komu í leikskólann og lásu á sínu tungumáli fyrir öll börnin. Jafnframt var skipulögð þemavinna í aðdraganda menningarviku með áherslu á að eiga samskipti án fordóma og líta á fjölbreytileikann sem styrkleika. Öllum foreldrum barna af erlendum uppruna var boðin tálkaþjónusta í viðtölum.

### Framkvæmd starfsáætlunar

Í verkefnaáætlun, sem er hluti af stefnumiðuðu árangursmati skólans, má sjá framgang þeirra verkefna sem unnið var að í vetur (sjá endurmatið í kaflanum Innra mat). Aðaláherslan var m.a. á námskrárgerð, jákvæð og umhyggjusöm samskipti, heilsueflingu, leikskólalæsi, samstarf starfsfólks, dreifða ábyrgð, bætt upplýsingaflæði og að undirbúa nýja umsókn um Grænfánann. Flest verkefnin gengu vel fyrir sig, teymi voru virk um öll verkefnin og skiluðu þau skýrslu með kynningu í maí. Allir starfsmenn eru í teyimum og skipta fagmenn með sér formennsku í þeim. Áhugavert var að sjá hvað teymin eru öflug í að halda utan um verkefnin, koma með hugmyndir að nýjungum og marka sér framtíðarsýn.

## Fjölskyldan og leikskólinn

Í vetur var lögð áhersla á að efla jákvæð samskipti, upplýsingaflæði og foreldraráðgjöf með PMTO foreldrafærni. Tveir kennarar sóttu sér grunnmenntun sem PMTO fagaðili og eru nú fjórir kennarar með réttindi í skólanum. Nokkrir foreldrar fengu ráðgjöf sem gekk mjög vel. Fagaðilar innan skólans, svokallað lausnarteymi, héldu deildarfundi með kennurum til að kynna „verkfæri“ sem notuð eru í samskiptum við börnin til að samræma vinnubrögð í skólanum og heima.

Foreldrafundur var haldinn í haust þar sem farið var yfir starfsáætlun og heilsustefnuna, um 70 foreldrar mættu. Tvö foreldraviðtöl, eitt að hausti og eitt að vori, voru haldin þar sem farið var yfir skráningar í Heilsubók og einstaklingsnámskrár uppfærðar í samvinnu við foreldra. Foreldrakynning var haldin í maí fyrir foreldra þeirra barna sem hefja skólagöngu á nýju skólaári. Mörg túlkasamtöl voru við skólann þar sem mikilvægt er að stuðla að góðum samskiptum við foreldra barna af erlendum uppruna. Nokkrir teymisfundir voru haldnir, bæði með foreldrum barna með sérþarfir og þeirra sem voru í PMTO ráðgjöf. Regluleg uppeldisráðgjöf til foreldra var þó nokkur og verðum við vör við að sá þáttur er alltaf að aukast sem er jákvætt. Kennarar hafa náð sér í þekkingu til að bregðast við því með því að afla sér réttinda sem ráðgjafar í PMTO og Foreldrafærni ásamt öðrum námskeiðum um t.d. kvíða barna, kjörþögli, jákvæða hegðun o.fl.

## Samstarf við grunnskólann

Samstarfsverkefnið [Brúum bilið](#) gekk sinn vanagang með heimsóknum á milli leik- og grunnskóla, milli leikskólanna og í stofnanir bæjarins. Skólaskrifstofan boðaði til fyrsta fagfundar um samstarf leik- og grunnskóla. Fundarefnið var rannsókn Gerðar G. Óskarsdóttur *Skil skólastiga*, um hvernig hægt er að koma í veg fyrir afturvirkta rof í námi barna á milli skólastiga. Ákveðið var að slíkir fundir yrðu haldnir af skólaskrifstofunni einu sinni á önn þar sem rædd verða málefni sem varða skil skólastiga.

## Nýbreytni og þróunarstarf

Skólinn tók þátt í þróunarverkefninu *Í takt við tæknina. Efling læsis með notkun upplýsingatækni og spjaldtölvu* með fjórum skólum hjá Skólum ehf., sem var styrkt af Sprotasjóði. Jafnframt var unnið að E-Twinning verkefninu [Hvað vex undir fótum okkar](#) í samstarfi við leikskóla í Pídeaa. Önnur verkefni sem framkvæmd voru má nefna *Viðveru og vellíðan* í samstarfi við fyrirtækið Proactive, að bæta hljóðvist, PMTO foreldrafærni, leikskólalæsi, núvitund í skólastarfi og fleiri verkefni. Lesa má um þróunar- og nýbreytniverkefni í *Endurmati á verkefnaáætlun* í kaflanum um *Innra mat*.

## Kynning á skólanum

Tæplega 100 kennarar og skólastjórnendur hafa heimsótt skólann frá um 9 skólum. Gestirnir hafa m.a. áhuga á að kynna sér skipulag námsumhverfisins, heilsustefnuna, leikskólalæsi, Rósemd og umhyggju, teymisvinnuna, næringarstefnuna, stefnumiðað árangursmat og stjórnun.

Skólastjóri hefur haldið fyrirlestra á ráðstefnum og í leikskólum um Rósemd og umhyggju, jákvæð, uppbyggjandi samskipti og viðhorf og heilsustefnuna í nokkrum leikskólum og í Jógahjartanu, styrktarfélag sem vinnur að því að veita börnum og unglingum aðgang að kennslu í jóga og hugleiðslu innan skólakerfisins. Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri héldu námskeið um stefnumiðað árangursmat, teymisvinnu og stjórnun fyrir skólastjóra á höfuðborgarsvæðinu og var verkefnið Skúlptúra kynnt í málstofu á ráðstefnu Samtaka um skólaþróun.

## Starfsþróun

Starfsþróun var skipulögð á starfsdögum og fundum í símenntunaráætlun fyrir allt starfsfólk tengt áherslum í starfsáætlun skólans (sjá töflu á bls. 6). Auk þess var starfsfólk hvatt til að þróa sig í starfi og var duglegt að sækja þau fjölmörgu námskeið, málþing og ráðstefnur sem eru í boði (sjá töflu á bls. 7). Leikskólaheimsóknir eru ávallt fastur liður á vorönn og var farið í námsferð til Brighton þar sem markmiðið var að kynna sér núvitund og útinám.

### Símenntunaráætlun – framgangur

STARFSHÓPUR	NÁMSKEIÐ – KENNARI	MARKMIÐ	FRAMGANGUR
Matráðar	<b>Brauðbakstur</b> Matís	Að efla fjölbreytni brauðbaksturs og hollustu brauðmetis	Lokið
Allir	<b>Uppeldi sem virkar – Færni til framtíðar (kennaranámskeið)</b> Ólöf K. Sívertsen	Að styrkja kennara í uppeldis- og menntunarhlutverki sínu	Lokið
Allir	<b>Skyndihjálp</b> Herdís Stooregard	Viðhalda þekkingu á skyndihjálpi í skólanum	Lokið
Allir	<b>I-Pad</b> Hildur Arnar Kristjánsdóttir	Efla læsi í víðum skilningi með notkun upplýsingatækni og spjaldtölva	Lokið
Allir	<b>-Mikilvægi hreyfingar -Líkamsbeiting -Hamingja í lífi og starfi</b> Vinnuvernd	Heilbrigðir og ánægðir starfsmenn	Lokið
Allir	<b>Ég sem starfsmaður</b> Hulda Jóhannsdóttir	Að efla starfsánægju og vinnusiðferði	Lokið
Allir	<b>Stefna skólans og starfshættir</b> Hulda Jóhannsdóttir	Að upplýsa kennara og annað starfsfólk um hlutverk sitt – kynna skólanámskrá	Lokið
Allir	<b>Numicon</b> Kristín Wallis	Efla kennara í notkun á Numicon stærðfræðinámsferðinni með börnunum	Frestað
Allir	<b>Leikskólaheimsóknir</b>	Að kynna sér nýjar leiðir í skólastarfi	Lokið



## Námskeið og ráðstefnur utan símenntunaráætlunar

NÁMSKEIÐ	LÝSING	ÞÁTTTAKENDUR
HLJÓM 2	Réttindanámskeið til að taka <i>Hljóm-2, Athugun á hljóð- og málvitund leikskólabarna</i>	1 deildarstjóri
Mat á vellíðan og námi í leikskóla	Fræðsla um mat í tengslum við námskrár og skoðaðar leiðir til að skrá og meta vellíðan og nám barna	Skólastjóri 1 deildarstjóri
Að leggja grunninn. Hagnýtar og gagnreyndar aðferðir í beitingu snemmtækrar íhlutunar í leikskóla	Fjallað um málþroska barna á leikskólaaldri, tileinkun máhljóða og undirbúning fyrir lestur. Fræðsla um frávík eða röskun í málþroska og hvað er æskilegt gera strax og grunur vaknar um málþroskafrávik ungra barna	Aðstoðarskólastj. 1 deildarstjóri
Uppeldi sem virkar – færni til framtíðar fyrir leikskóla	Viðbótarnámskeið fyrir þá sem eru leiðbeinendur í <i>Uppeldi sem virkar – Færni til framtíðar</i> fyrir leikskóla	2 deildarstjórar
PMTO-námskeið	PMTO stendur fyrir <i>Parent Management Training – Oregon aðferð</i> , og er aðferð fyrir foreldra og aðra sem koma að uppeldi. PMTO dregur úr hegðunarerfiðleikum barna og unglunga	1 deildarstjóri
Læsishvetjandi umhverfi	Kynning á málörvun og læsi í leikskólastarfi	Aðstoðarskólastj. 1 deildarstjóri
Karlstadmodel	Fræðsla um þætti sem stuðla að markvissri sérkennslu barna með frávík. Kynntar rannsóknir um netverksvinnu, tungumálið og stærðfræði.	1 deildarstjóri/ sérkennari
Þróum eigin forystuhæfileika	Skoðaðir mismunandi stjórnunarstílar til að efla eigin leiðtogahæfni	Skólastjóri Aðstoðarskólastj. 4 deildarstjórar
Stóri leikskóladagurinn	Leikskólar í Reykjavík kynntu margvísleg verkefni úr fagstarfinu og boðið upp á erindi um leikskólastarf	Aðstoðarskólastj. 1 deildarstjóri
Einn ferðalangur – margir fararstjórar	Alþjóðleg ráðstefna um eflingu samstarfs leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila	Skólastjóri og aðstoðarskólastj.
Framsækinn vinnustaður með heilsueflandi stjórnun	Að auka skilning stjórnenda á vinnutengdri streitu og sálfélagslegum áhættuþáttum til að þeir þekki til og geti nýtt sér aðferðir til að efla stjórnun á þessum þáttum.	Skólastjóri og aðstoðarskólastj.
Forysta og gleði í starfi	Hvernig stjórnendur geta eftl forystufærni sína í daglegu starfi með gleðina að vopni	Skólastjóri
Orkustjórnun	Að gera einfaldar en áhrifamiklar breytingar á hegðun og hugarfari til að bæta frammistöðu í starfi samhliða því að auka svigrúm til að sinna eigin heilsu og velferð	Skólastjóri
Viðverusamtöl	Farið yfir verkferla í kringum tilkynningar, skráningar og viðbrögð við fjarvistum auk endurkomu eftir langvarandi veikindi eða slys. Stjórnendur þjálfaðir í viðverusamtölum til að gæta jafnræðis milli starfsfólks þegar kemur að viðbrögðum við fjarvistum	Skólastjóri og aðstoðarskólastj.
Hingað og lengra	Ráðstefna FSL um eflingu leiðtogafærni skólastjórnenda í leikskóla. Fyrirlestrar um leiðtogafærni og kynntar nýjustu rannsóknir sem tengjast stjórnun leikskóla. Að stappa stálinu í stjórnendur leikskóla sem eru mikilvægir áhrifavaldir og leiðtogar í skólustarfinu	Skólastjóri og aðstoðarskólastj.



<b>Hönnun og Heimili</b>	Hvernig má láta húsgögn, persónulega muni, myndir, liti og lýsingu spila saman til að mynda góða heild á heimilinu eða í skólafunni	1 deildarstjóri
<b>MIMI tákn með tali (TMT)</b>	Námskeið í tákn með tali. Notast er við söguhetjuna MiMi til að kenna uppaldum að laða fram og örva máltjáningu hjá börnum	1 deildarstjóri 1 kennari
<b>Öryggisnámskeið</b>	Námskeið um ýmis málefni er lúta að vinnuvernd fyrir öryggisránaðarmenn og öryggisverði til að bæta vinnuumhverfi	1 deildarstjóri 1 kennari
<b>TRAS námskeið</b>	Réttindanámskeið á skráningarlistum til notkunar fyrir leikskólakennara að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna	1 deildarstjóri 1 kennari
<b>Núvitund í skólastarfi</b>	Farið yfir skilgreiningar og rannsóknir á núvitund. Kenndar hagnýtar æfingar fyrir börn í núvitund	Allir
<b>Viðvera og vellíðan</b>	Farið yfir með starfsfólki hvernig bæta megi hag og lífsgæði þeirra með aukinni vellíðan og góðu vinnuumhverfi sem stuðlar að góðri viðveru á vinnustað. Tilgangurinn er jafnframt sá að hafi skýra og ákveðna verkferla í kringum tilkynningar, skráningar og viðbrögð við fjarvistum auk endurkomu eftir langvarandi veikindi eða slys	Allir
<b>Sameiginlegur starfsdagur leikskóla á Suðurnesjum</b>	Að miðla því sem vel er gert og nýta þekkingu sem til staðar er innan skólanna með það að markmiði að efla leikskólastarfið. Þórkatla Aðalsteinsdóttir sálfræðingur flutti fyrirlesturinn „að þrífast í krefjandi starfi“	Allir
<b>Vor í sveitinni</b>	Að auka faglega og hagnýta þekkingu deildar- og sérkennslustjóra í leikskólum og efla þá sem stjórnendur á vettvangi þannig að þeir verði hæfari til að takast á við þau krefjandi verkefni sem þeim mæta í dagsins önn	2 deildarstjórar
<b>Kjörþögli</b>	Að gera kennara betur undir það búna aðstoða börn með kjörþögli, t.d. vita hvað viðheldur vandanum, hvaða meðferðir eru í boði, hvað er hægt að gera í skóla og hvað foreldrar geta gert	1 deildarstjóri
<b>Leiðsögn - liður í starfsmenntun kennara</b>	Að kennarar öðlist heildarsýn yfir helstu stefnur og kenningar um starfstengda leiðsögn þar sem stefnt er að starfsmenntun kennara, og hvernig þær hafa þróast á undanförunum áratugum	1 deildarstjóri



# Innra mat

## Markmið og tilgangur

Markmið innra mats er meðal annars að veita upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun. Auka gæði náms, stuðla að umbótum og tryggja að unnið sé eftir þeim viðmiðum sem skólinn hefur sett sér. Tilgangur matsins er að tryggja að starfsemi skólans sé í samræmi við lög, reglugerðir og aðalnámskrá þannig að réttindi leikskólabarna séu virt og að þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber (Lög um leikskóla 17.gr.). Þátttakendur í innra mati eru starfsfólk, foreldrar og börn og byggir matið á fjölbreyttum gögnum sem taka mið af viðfangsefnum hverju sinni.

Matstæki skólans eru fjölbreytt og taka til allra þeirra þátta sem krafist er þegar meta á leikskólastarf. Við framkvæmd innra mats er stuðst við Stefnumiðað árangursmat (Balanced Scorecard) þar sem stefna og starfshættir eru metnir út frá Stefnumkort (e. strategy map) með Verkefnaáætlun (skorkorti, e. Scorecard). Jafnframt eru notaðir margvíslegir kvarðar og matsaðferðir sem eru skilgreind í leiðarvísinum [Gæðamat í Heilsuleikskólanum Króki](#). Í honum kemur fram HVAÐ skal metið, HVERJIR taki þátt, HVENÆR matið er tekið og að síðustu HVERNIG matið er framkvæmt og unnið úr niðurstöðum. Á fundum og starfsdögum fer fram endurmat og samræður um stefnu skólans, daglega starfshætti og stjórnun.


Við skólann starfar matsteymi sem hefur það hlutverk að stjórna og halda utan um innra matið til að það skili árangri fyrir skólann. Markmið teymisins er að þróa innra mat þannig að það taki til allra þátta skólastarfsins og verði skólanum til framdráttar í áframhaldandi þróun til bættra starfshátta. Matsteymi les úr niðurstöðum og leggur fram umbótaáætlun sem stjórnunarteymi samþykkir og birtir í starfsáætlun skólans fyrir næsta skólaár.

Með samræðunni sem fram fer í tengslum við framkvæmd og úrvinnslu gæðamats skapast skólastarf í framþróun þar sem kennarar verða öruggari með að vinna eftir markmiðum skólanámskrárinnar.



## Stefnukort

Í stefnukorti koma fram helstu áherslupættir skólans og sýnir á myndrænan hátt stefnu skólans í skólasamfélaginu, starfsháttum, fjármálum og mannauði. Markmið eru sett fyrir hvern stefnupátt og síðan eru tilgreindar þær leiðir sem farnar verða til að ná markmiðunum í Verkefnaáætlun. Í kaflanum Endurmat á verkefnaáætlun má sjá **verkefnin** sem sett voru af stað í skólanum í dálknum lengst til vinstri, **framgangur** tilgreindur í miðjudálknum og **næstu skref** í síðasta dálknum. Verkefnin í dálknum Næstu skref fara inn í starfsáætlun næsta skólaárs.



## Endurmat á verkefnaáætlun 2014-2015

SKÓLASAMFÉLAGIÐ		
Hvernig við veitum börnum og foreldrum sem besta þjónustu í skólastarfinu.		
Verkefni	Framgangur verkefna	Næstu skref
<b>Gefa út skólanámskrá vorið 2015</b>	Unnið var að söfnun gagna og hönnun á framsetningu sem leikskólastjóri vann svo út frá og ritstýrði. Gefin var út námskrá fyrir skólann í júní	Unnið að framsetningu myndrænnar skólanámskrár
<b>Þróa hæfniviðmið á námi og velferð barna</b>	Matsteymi vann að því að þróa hæfniviðmið á námi og velferð barna og fara yfir hvar og hvenær þættir eru metnir hjá barni og hvort einhverju þurfi að bæta við eða breyta	Halda áfram að þróa viðmiðin
<b>Gera leiðarvísa fyrir helstu áhersluþætti/stefnu skólans</b>	Búið er að hanna framsetningu á leiðarvísunum og margir þeirra komnir vel á veg	Teymin halda áfram að þróa leiðarvísa
<b>Þróa vinnu með PMTO þríhyrninginn</b>	Öllum börnum á eldri deildum var raðað í þríhyrninginn á haustönn og aftur á vorönn. Foreldrum og starfsfólki þeirra barna sem voru í mið og efsta lagi þríhyrningsins boðið upp á ráðgjöf PMTO fagaðila innan skólans	Vinna með þau verkefni sem eru á tímalínu í verkefnahandbók PMTO
<b>Móta verkefnastýrða jafnréttisstefnu</b>	Jafnréttisstefna með verkefnastýrðri áætlun var endurbætt, þróuð og gefin út	Setja verkefni á starfsáætlun og festa í sessi
<b>Viðhafa jákvæð samskipti með virku samstarfi og upplýsingaflæði</b>	Reglulega voru settar inn upplýsingar og fréttir á heimasíðu, sendur tölvupóstur og auglýsingar í fataklefa fyrir foreldra. Varðandi kennara þá fara upplýsingar fram á morgunfundum og í gegnum tölvupóst og vill teymið koma meira að því	Halda áfram virku upplýsingaflæði. Móta stefnu varðandi upplýsingaflæði til foreldra og kennara
<b>Veita foreldrum öflugra uppeldislega ráðgjöf (foreldraviðtöl, foreldranámskeið og PMTO)</b>	Tvö uppeldisnámskeið „Uppeldi sem virkar- færni til framtíðar“ voru haldin á vegum Grindavíkurbæjar. Tókum þátt í vinnu við gerð Verkefnahandbókar um foreldrafærni á vegum Grindavíkurbæjar. Tveir kennarar luku grunnmenntun í PMTO og eru nú fjórir PMTO fagaðilar við skólann. Átta fjölskyldur fengu viðtöl/ráðgjöf PMTO fagaðila	Að skólastjóri og tveir kennarar í viðbót ljúki PMTO grunnmenntun
<b>Efla samstarf milli leikskólans, foreldrafélags og foreldraráðs</b>	Foreldrasamstarfsteymið fór yfir samskipta- og upplýsingaleiðir til foreldra. Tengiliður leikskólans og leikskólastjóri hittu foreldrafélagið að hausti til að fara yfir hvað félagið gerir yfir skólaárið. Foreldraviðtöl voru tvisvar á ári sem gengu vel. Viðtöl gengu vel, viðburðir og fundir vel sóttir af foreldrum	Fá foreldrafélagið til að setja niður starfsáætlun og viðburðahandbók fyrir næsta vetur

## FJÁRMÁL

### Hvernig við tryggjum ábyrga og gegnsæja nýtingu fjármagns.

Verkefni	Framgangur verkefna	Næstu skref
<b>Mánaðarleg uppfærsla á Netstjórnanda</b>	Aðstoðarleikskólastjóri sér um uppfærslu í samstafi við leikskólastjóra og fagstjóra leikskólamála og rekstrarstjóra Skóla ehf.	Símat
<b>Gera reglulega álagsmat</b>	Álagsmat fyrir allt húsið og einstaka deild var lagt fram á stjórnendafundi að hausti	Símat
<b>Skráning á innkaupum til að auðvelda áætlunargerð</b>	Breytingar boðaðar í skráningu fyrir árið 2013 sem ekki hefur tekist að framkvæma	Fyrirhugað er að kynna nýja skráningu fyrir leikskólastjóra næsta skólaár
<b>Nýta vel fjármuni og eigur leikskólans</b>	Vel hefur tekist að skapa menningu innan skólans þar sem nýtni og sparnaður er í fyrirrúmi. Farið var skipulega í að skoða möguleika í innkaupum á hreinlætisvörum með það í huga að minnka kostnað og auka umhverfissjónarmið og tókst það verkefni vel	Halda áfram að nýta vel það sem við eigum
<b>Leita tilboða eins og kostur er</b>	Vel hefur gengið að leita tilboða og sjá leikskólastjóri og lagerstjóri um það í sameiningu. Ávallt er hægt að ná fram góðu verði með því að leita tilboða hjá nokkrum aðilum	Leita áfram tilboða
<b>Nýta leikefni úr endurnýtanlegum efnivið</b>	Kennarar eru ávallt hugmyndaríkir og duglegir að sjá möguleika í endurnýtanlegum efniviði	Halda áfram að leita eftir hugmyndum að endurnýtanlegum efnivið til leiks og náms
<b>Gera við það sem bilar og farga og afskrá það sem er ónýtt</b>	Gengið hefur vel að láta gera við ýmsa hluti en margir voru komnir á tíma þetta árið og þurfti að endurnýja margt	Halda áfram að fara vel með og skrá það sem skólinn á
<b>Viðhalda þekkingu starfsfólks í nýtingu og endurvinnsluferli með það að markmiði að nýta alla hluti vel</b>	Vel hefur tekist að skapa menningu innan skólans þar sem nýtni og sparnaður er í fyrirrúmi Leitast er við að gera við hluti, leikföng og tæki. Farið er í fræðslu á flokkun og nýtni reglulega á fundum og/eða starfsdögum	Halda áfram á sömu leið
<b>Auka kostnaðarvitund starfsfólks</b>	Reikningar frá fyrirtækjum sendir reglulega í tölvupósti til starfsfólks og lagðir fram á kaffistofu eða vinnuherbergi fyrir starfsfólk að skoða	Halda áfram að auka kostnaðarvitund starfsfólks

STARFSHÆTTIR		
Hvernig við stuðlum að metnaðarfullum og árangursríkum starfsháttum.		
Verkefni	Framgangur verkefna	Næstu skref
<b>Styrkja heilsueflingu í leikskólanum og vinna að því að hafa áhrif út í samfélagið</b>	Héldum uppá alþjóðadag hreyfingar, tókum þátt í Evrópsku hreyfivikunni Move week, og héldum okkar íþróttadag. Boðið upp á ýmsa heilsueflandi viðburði fyrir starfsfólk eins og heilsufarsmælingar og hreyfiverkefnum eins og Hreyfiátaki Skóla ehf. og Hjólaðu í vinnuna	Halda áfram að hafa heilsueflandi viðburði fyrir börn og starfsfólk og vera sýnileg í okkar nær samfélagi
<b>Bæta hljóðvist í umhverfi barna</b>	Settir voru tennisboltar undir stóla í matsal og keyptar mjúkar eða bastkörfur undir leikefni til að draga úr hávaða. Fjöldi barna á svæðum var minnkaður inni á deildum sem jók hávaða í Gjánni	Halda áfram að finna leiðir til að bæta hljóðvist. Skoða fjölda barna á svæðum. Loka hreyfisal og listasmiðju
<b>Móta hreyfiuppeldisstefnu með Skólum ehf.</b>	Skólar ehf. héldu undirbúningsfund um mótun hreyfistefnu með fagstjórum allra skólanna í hreyfingu	Halda áfram að vinna að sameiginlegri stefnu í hreyfingu
<b>Gera verkefnastýrða leiðarvísu fyrir Rósemd og umhyggju</b>	Gerð voru drög að leiðarvísi	Vinna að gerð leiðarvísu í Rósemd og umhyggju
<b>Þróa núvitund og hugleiðslu í daglegt starf</b>	Foreldrafélagið gaf hugleiðsluskálar fyrir allar deildir og var hugleitt í öllum skólanum einu sinni á dag í vetur. Unnið var að umsókn um núvitundarverkefnið Hér og nú og fengust 1.9 milljónir í styrk	Framkvæma þróunarverkefnið Hér og nú
<b>Skerpa á vinnubrögðum í verkefninu Hjálparhendur</b>	Ekki náðist að framkvæma þetta verkefni	Byrja haustið á upprifjun og setja Hjálparhandaviku í skóladagatal
<b>Efla fjölbreytni í námsframboðum sem tengjast fjölmenningu</b>	Ýmsir viðburðir og verkefni voru sett á laggirnar til að efla fræðslu á misumnandi menningu þeirra þjóða sem eru í skólanum. Unnið var með þemaverkefni tileinkað fjölmenningu í aðdraganda menningarviku Grindavíkur og afraksturinn settur upp á sýningu. Erlendir foreldrar lásu fyrir börnin á Degi móðurmálsins	Halda áfram að þróa leiðir til að efla fjölmenningu innan skólans eins og t.d. upplýsingar fyrir þjóðhátíðardaga erlendu þjóðanna
<b>Efla tónlist með fjölbreyttum aðferðum</b>	Sameiginlegar söng- og dansstundir á sal og skipulagðar tónlistarstundir á deildum gengu vel. Héldum upp á dag íslenskrar tónlistar. Byrjað á að safna efnivið til að útbúa hljóðgjafasvæði á útisvæði	Halda áfram með tónlistarstundir á deildum og söngstundir á sal. Hvetja til meiri notkunar á tónlistarvagni. Ljúka við að útbúa hljóðgjafasvæði á útisvæði

<p><b>Þróa leikskólalæsi/málrækt með fjölbreyttum aðferðum í samstarfi við skólasamfélagið</b></p>	<p>Unnið var að verkefnum eins og samstarf við eldri borgara og grunnskólann, bókasafnsheimsóknir, lestrarátak, móðurmálsvika og dagur bókarinnar. Unnið að lestrarstefnu Grindavíkur, haldið áfram að gera aldurstengda leiðarvísa, EFI 2 og Tras var sett inn á áætlun, unnið var markvisst með K-Pals og Markvissa málörvun á eldri deildum</p>	<p>Klára lestrarstefnu og byrja að vinna eftir henni . Taka þátt í vinnu við „Lestur alla leið“ lestrarstefnu Grindavíkur. Klára aldurstengda leiðavísa og byrja að prófa að vinna eftir þeim haustið 2015</p>
<p><b>Sækja um Grænfánann í fjórða sinn</b></p>	<p>Búið að sækja um að fá fánann á degi ísl. náttúru 2015. Svöruðum Umhverfisgátlista Landverndar og unnið að skýrslu sem verður send ásamt umsókn fyrir sumarfrí</p>	<p>Undirbúa Grænfánahátíð sem verður í sept. 2015</p>
<p><b>Sambætta útinám fjölbreyttum námsframboðum</b></p>	<p>Unnið að mörgum verkefnum og margir viðburðir í gangi yfir veturinn s.s. gróðursetning, ræktun, fugl mánaðarins, ævintýraferðir, umhverfisvika, dagur ísl. náttúru</p>	<p>Finna leiðir til þess að auka fræðslu um umhverfisvernd og að fræðslan skili sér heim til barnanna</p>
<p><b>Unnið að þróunarverkefni í náttúrufræði í eTwinning samstarfi við leikskóla í Pideá</b></p>	<p>Unnið var með verkefnið „what can we find underneath our feet?“. Farið var í vettvangsferðir, rætt um upplifanir barnanna og verkefni unnin í samvinnu við fagstjóra í listasmiðju. Samskipti fóru fram í gegnum samskiptasíðu e-Twinning. Fengum fyrirspurn frá samstarfs skólanum um að taka þátt í Erasmus+ umsókn um starfskygningu fimm kennara í viku á næsta ári hjá okkur</p>	<p>Verkefninu lokið en beðið eftir svári við umsókn á Erasmus+ verkefninu</p>



<b>MANNAUÐUR</b>		
<b>Hvernig við stuðlum að samstarfi og starfsþróun.</b>		
<b>Verkefni</b>	<b>Framgangur verkefna</b>	<b>Næstu skref</b>
<b>Efla samstarf, starfsánægju og gleði starfsfólks</b>	Skipulagðar heimsóknir á milli yngri og eldri deilda, upplýsingaflæði eftt og hópefli skipulögð. Unnið að mótun stefnu í viðveru og vellíðan	Halda áfram á sömu braut og innleiða stefnuna Viðvera og vellíðan
<b>Endurgera móttökuáætlun og Starfsmannahandbók</b>	Unnið var eftir drögum að móttökuáætlun á vorönn. Búið er að fara yfir athugasemdir og verður hún gefin út í ágúst. Vinnu við endurgerð starfsmannahandbókar er frestað til næsta skólaárs	Vinna eftir nýrri móttökuáætlun og endurgera Starfsmannahandbók
<b>Móta stefnu í upplýsingaflæði</b>	Höfum í vetur verið að gera drög að stefnunni með því að setja niður hugmyndir um hvernig við sjáum stefnuna fyrir okkur	Setja niður skriflega stefnu í upplýsingaflæði og kynna hana fyrir starfsfólki og foreldrum
<b>Stuðla að faglegri samræðu um stefnu og starfshætti skólans</b>	Skipulagðar samræður í tengslum við mótun skólanámskrár og í teymisvinnunni skapast öflugar faglegar samræður bæði við mótun áætlunar og kynningu á vinnu teyma	Halda áfram að efla faglega samræðu með skipulagðri kynningu á námskrá
<b>Bjóða upp á metnaðarfulla símenntun</b>	Símenntunaráætlun stóðst og var nokkrum fyrirlestrum og fræðslu bætt við með ýmsum verkefnum. Kennarar sóttu fjölmarga fyrirlestra og námskeið sem nýttust í þeirra eigin starfsþróun og þróun á starfinu í leikskólanum	Halda áfram á sömu braut
<b>Að vinna áfram að því að dreifa ábyrgð meðal stjórnenda og annars starfsfólks</b>	Með teymisvinnunni tókst mjög vel að dreifa verkefnum og ábyrgð. Öllum viðburðum innan skólans var deilt á teymi og settir ábyrgðarmenn innan teyma yfir öll verkefni til að tryggja þátttöku allra. Þróað var nýtt skráningarskjal fyrir framgang verkefna. Stjórnendur voru duglegir að deila ýmsum verkefnum sem þeir höfðu haft undir höndum lengi	Halda áfram að deila ábyrgð með það að markmiði að auka starfsánægju
<b>Gera teymisvinnu markvissari og samhæfa framsetningu á markmiðum og leiðum</b>	Gerð voru drög að Verkefnaáætlun teyma með markmiðum, leiðum og dálkum til að setja niður verkefni, skilgreina þau og deila	Samræma Verkefnaáætlun allra teyma og halda námskeið fyrir formenn til að gera vinnuna markvissari



## Niðurstöður innra mats 2014 – 2015

MARKMIÐ	FRAMKVÆMD	VIÐMIÐ	HELSTU NIÐURSTÖÐUR
<b>HLJÓM-2</b> Að leita eftir hvort barn sé í áhættu fyrir síðari lestrarerfiðleika	<b>BÖRN – SEPTEMBER/OKTÓBER:</b> Börn fædd 2008 svöruðu Hljómprófi (tvítyngd börn og börn með málþroskavanda svara en vegna viðmiða úr handbók eru þau ekki talin með)	Í handbók Hljóm-2 kemur fram í <i>Fundnar niðurstöður</i> að börn með mjög slaka færni eru 10%, með slaka færni 15%, með meðalfærni 50% og góða færni 25%	Niðurstaðan er að 17% barna komu út með mjög slaka færni, 5,5% með slaka færni, 55,5% með meðalfærni og 22% með góða færni
<b>EFI-2</b> Að finna þau börn sem eru með frávík í málþroska svo hægt sé að grípa inn í með skjóta og markvissa aðstoð ef grunur vaknar um frávík.	<b>BÖRN – VOR:</b> Börn fædd 2011 svara EFI-2 prófi (tvítyngd börn og börn með málþroskavanda svara en vegna viðmiða úr handbók eru þau ekki talin með)	Í handbók EFI-2 eru gefin upp viðmið um getu barna í málþroska þannig að börn með mjög slaka getu 12,5%, með slaka getu 12,5%, með meðalgetu 50% og góða getu 25%	Prófið er tvískipt, annars vegar skilningur og hins vegar tjáning. <b>Skilningur:</b> Mjög slök geta 0%, slök geta 0%, meðalgeta 81% og góð geta 19%. <b>Tjáning:</b> Mjög slök geta 0%, slök geta 14%, meðalgeta 67% og góð geta 19%.
<b>LÍÐAN KÖNNUN BARNNA</b> Að leita eftir líðan barnanna á ákveðnum svæðum í leikskólanum	<b>BÖRN – NÓVEMBER:</b> Börn svöruðu spurningakönnun með myndum og voru spurð áfram ef þeim leið illa og svörin þeirra skráð	Settum okkur viðmið um að á öllum svæðum í heild myndi 90% barna líða vel eða allt í lagi	Niðurstaðan er að 90,5% barna líður vel eða allt í lagi. Þau svæði sem eru undir 90% eru fataklefi (80%), samverustund (86%) og útivera (88,5%)
<b>LÍÐAN KÖNNUN BARNNA</b> Að leita eftir líðan barnanna í leikskólanum	<b>BÖRN – NÓVEMBER:</b> Börn svöruðu spurningakönnun með myndum og voru spurð áfram ef þeim leið illa og svörin þeirra skráð	Settum okkur viðmið um að 90% barna líði vel eða allt í lagi í leikskólanum	Niðurstaðan er að 95,5% barna líður vel eða allt í lagi
<b>NOTKUN „VERKFÆRA“ Í RogU</b> Að athuga hvort og þá hvernig börnin eru að nota „verkfæri“ Rósemdar og Umhyggju	<b>BÖRN – NÓVEMBER:</b> Spurningakönnun með myndum fyrir börn	Að börnin nefndu Hjálparhendur eða önnur tæki í svörum sínum	90% barna nefndu einhverja leið til að láta öðrum líða betur, eða leið til að þeim sjálfum líði betur
<b>TENGLAKÖNNUN BARNNA</b> Að athuga hvort börnin hafi myndað vinatengsl við önnur börn	<b>BÖRN – OKTÓBER OG MARS:</b> Kennarar á eldri deildum spyrja börnin á deildinni sinni hverjir vinir þeirra eru. Haft er dagsform og aðstæður í huga.	Að öll börn séu nefnd þannig að allir tengist einhverjum	2 börn af 56 eða 3,57% voru ekki nefnd

<p><b>ECERS</b> Að leita eftir því hvort unnið sé á viðeigandi hátt með samskipti og skipulag</p>	<p><b>STARFSFÓLK – APRÍL:</b> Starfsfólk svarar Ecers kvarðanum fyrst einstaklingslega og síðan í hópum þar sem fagleg samræða á sér stað</p>	<p>Settum okkur viðmiðin 85,7%</p>	<p>Samskipti við börn 93%, andinn í húsinu 85,7%, dagskipulag 85,7%, leikur 100%, hópavinna 93% og sérkennsla 100%</p>
<p><b>STARFSMANNASAMTÖL</b> Að leita eftir líðan starfsmanna og ræða um þróun í starfi</p>	<p><b>STARFSFÓLK – VORÖNN:</b> Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjórar skipta á milli sín samtölum við starfsmenn. Stjórnunarteymi fer síðan yfir samtölin og tekur saman niðurstöður</p>	<p>Að greina styrkleika og veikleika skólstarfinu</p>	<p><b>Styrkleikar:</b> Starfsfólki líður vel, samvinna er góð og stuðningur góður. Fundir markvissir og góðir, skipulag gott og tíminn nýttur vel. Hæfileikar starfsfólks nýttir vel m.a. í teymisvinnu. <b>Áskoranir:</b> Að gera markmið og leiðir fyrir einstök börn í málörvun, útbúa miðlægar upplýsingar um börn með sérþarfir og aðstoð vegna t.d. hegðunarvanda, bæta upplýsingagjöf eftir fundi, bæta skiptiaðstöðu, bæta aðstöðu til þjálfunarstunda og viðtala</p>
<p><b>ENDURMAT Á STARFSÁÆTLUN</b> Að meta verkefni sem sett eru fram í starfsáætlun</p>	<p><b>FORMENN TEYMA – SEPTEMBER OG MAÍ:</b> Formenn teyma fóru yfir verkefnaáætlun og skráði framgang verkefna</p>	<p>Hafa verkefni staðist áætlun</p>	<p>Sjá Endurmat á verkefnaáætlun 2014-2015</p>
<p><b>VIÐVERA OG VELLÍÐAN</b> Að meta samstarf og líðan starfsfólks og greina streituvaldandi þætti í starfinu</p>	<p><b>STARFSFÓLK – NÓVEMBER:</b> Starfsmenn</p>	<p>Meta samstarf, líðan og greina streituvaldandi þætti í starfinu</p>	<p><b>Styrkleikar:</b> Starfsánægja, sveigjanleiki, fjölbreytileiki, stöðugleiki, tekið vel í nýjar hugmyndir, gott viðmót, hrós, jákvæðni við starfsþróun, góður vinnuandi, vinnum sem ein heild. <b>Áskoranir:</b> efla samvinnu milli aldursstiga, bæta skipulag v. Fjarveru og auka félagslíf starfsmanna</p>
<p><b>UMHVERFISGÁTLISTINN</b> Að meta stöðu umhverfismála í skólanum</p>	<p><b>STARFSFÓLK – MAÍ:</b> Starfsmenn svara gátlista Grænfánaverkefnisins</p>	<p>Meta stöðu skólans í umhverfismálum vegna umsóknar um Grænfánann í fjórða sinn</p>	<p><b>Styrkleikar:</b> Flokkun úrgangs, endurvinnsla og útinám <b>Áskoranir:</b> Auka fræðslu innan skólans og utan, kanna innihald ýmissa hluta sem keyptir eru inn, bæta merkingar innanhúss</p>

## Ytra mat

Ytra mat og eftirlit með gæðum skóla er í höndum rekstraraðila og sveitarfélaga, sem láta menntamálaráðuneytinu í té upplýsingar um framkvæmd skólahaldsins (Lög um leikskóla, 19. gr.) Skólar ehf framkvæma starfsmanna kannanir og Grindavíkurbær forelda kannanir, báðir aðilar hafa aðgang að niðurstöðum. Með ytra mati er lögð áhersla á að efla og styðja innra mat, styðja stjórnendur og kennara í umbótum á eigin starfi og vera skólum hvati til frekari skólaþróunar.

Skólapúlssinn, fyrir hönd Skóla ehf framkvæmdi viðhorfskönnun á meðal starfsmanna í mars og var svarhlutfall 98%. Matsteymi skólans fór yfir niðurstöður og greindi þær út frá stefnu skólans og setti fram styrkleika, veikleika og tækifæri, sem tekið er tillit til í umbótaáætlun skólans á næsta skólaári.

Mats- þáttur	STYRKLEIKAR	VEIKLEIKAR	TÆKIFÆRI
Almennar rekstrar- upplýsingar	<ul style="list-style-type: none"> <li>Fjöldi barna á stöðugildi</li> <li>Kynjahlutfall</li> <li>Hlutfall faglærðra yfir 50%</li> </ul>		Hlutfall barna sem eru með íslensku sem annað tungumál mikið
Almennt um starfsfólk	<ul style="list-style-type: none"> <li>Starfsaldur hár</li> <li>Fjarvera lítil</li> <li>Ekkert áreiti</li> <li>Ekkert einelti</li> </ul>		
Viðhorf til leikskólans	<ul style="list-style-type: none"> <li>Starfsánægja</li> <li>Starfsandi</li> <li>Stjórnun</li> <li>Starfsaðstaða</li> </ul>		
Uppeldi og menntun	<ul style="list-style-type: none"> <li>Sjálfmynd og trú á eigin getu</li> <li>Samstarf</li> <li>Virkar samræður um starfið</li> <li>Virkni foreldra</li> <li>Aðgengi að ráðgjöf sérfræðinga utan skólans</li> <li>Ánægja með stuðning við börn með sérþarfir</li> </ul>		
Símenntun og undirbúningstími	<ul style="list-style-type: none"> <li>Hlutfall starfsmanna sem nær undirbúningi</li> <li>Tækifæri til símenntunar og virkni</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Hlutfall starfsmanna sem fær undirbúning</li> </ul>	Skoða þörf á undirbúningi fyrir leiðbeinendum með það að markmiði allir fái tíma til að undirbúa starfið eins og kostur er
Opnar spurningar	Ánægja með stefnuna, starfshætti, samstarf, samskipti, skipulag, starfsandann, stuðning og viðhorf gagnvart starfsþróun.	Of stíft skipulag, of mörg verkefni og mikil keyrsla. Vantar að staldra við og njóta líðandi stundar	Styrkja það sem vel er gert, skoða skipulag samfara nýrri skólanámskrá og skilgreina skólastarfið, efla samræðu um markmið skólastarfs?

# Heimildaskrá

*Aðalnámskrá leikskóla (2011). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.*

*Lög um leikskóla nr. 90/2008.*